

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 17. nóvember 2008

Vörugjöld og virðisaukaskattur verða endurgreidd

Fulltrúar ríkisstjórnarinnar staðfestu á blaðamannafundi nú fyrir helgi að frumvarp um endurgreiðslu vörugjalda og virðisaukaskatts af notuðum bílum yrði lagt fyrir Alþingi á næstunni. Viðskiptaráð fagnar þessu frumvarpi enda lagði ráðið til í [skoðun](#), fyrir tæpu ári síðan, að endurgreiðslur af þessu tagi yrðu teknar upp. Undanfarið ár hefur Viðskiptaráð reynt að afla fulltingis hins opinbera við þessa tillögu og var hún t.a.m. sú eina af þessu tagi sem fjallað var um í [skýrslu](#) starfshóps fjármálaráðherra, þar sem lagðar voru til ýmsar breytingar á skattlagningu eldsneytis og ökutækja. Starfshópurinn sá því miður ekki ástæðu til að veita tillögunni brautargengi, en m.v. frumvarp þetta hefur hún augljóslega átt upp á pallborðið hjá ríkisstjórninni.

Enn eru nákvæm efnistöð frumvarpsins óljós en skv. [aðgerðaráætlun](#) ríkisstjórnarinnar mun endurgreiðslan byggja á þeim gjöldum sem greidd voru við innflutning viðkomandi ökutækis. Þau gjöld á síðan að fyrna í samræmi við ákveðnar fyrningareglur, með tilliti til aldurs ökutækisins og sú upphæð verður endurgreidd eiganda viðkomandi ökutækis. Viðskiptaráð mælir eindregið gegn því að umfangsmiklar fyrninga- og reiknireglur verði teknar upp, enda eru þær aðeins til þess fallnar að flækja og tefja ferlið. Miða ætti endurgreiðslu vörugjalda og virðisaukaskatts við hlutfall af söluverðmæti viðkomandi ökutækis.

Aðildarfélög eru hvött til að hafa samband við Harald I. Birgisson, lögfræðing Viðskiptaráðs (haraldur@vi.is), ef þau eru með tillögur að því hvernig mætti útfæra reglur frumvarpsins.

Gjaldfrestur á aðflutningsgjöldum og álag vegna staðgreiðslu

Samkvæmt fréttatilkynningu frá fjármálaráðuneytinu frá því á föstudaginn síðasta þá samþykkti ríkisstjórnin frumvarp fjármálaráðherra um tímabundnar breytingar á tollalögum. Frumvarpið veitir virðisaukaskattskyldum aðilum gjaldfrest á hluta af aðflutningsgjöldum, þ.m.t. vsk., vegna innflutnings á tímabilinu september til október 2008. Greiðsla vegna þeirra féll í gjalddaga í dag, 17. nóvember, en þess í stað er aðilum heimilt að standa skil á greiðslunni með þremur jöfnum greiðslum, sú fyrsta gjaldféll í dag, sú næsta þann 15. desember 2008 og þriðja greiðslan þann 15. janúar 2009. Þeir sem kjósa að fara þessa leið greiða almenna meðalvexti af þeim hluta greiðslunnar sem frestað er í stað dráttarvaxta. Fjármálaráðherra hefur beint þeim tilmælum til tollyfirvalda að þau loki ekki fyrir tollafgreiðslu hjá þeim sem standa í skilum við aðflutningsgjöld í samræmi við ofangreint á meðan frumvarpið er til meðferðar á

Alþingi.

Að auki við ofangreint hefur fjármálaráðuneytið beint þeim tilmæli til skattstjóra og tollstjóra að fellt verði tímabundið niður álag vegna skila á staðgreiðslu (staðgreiðsla launamanns, útsvar launamanns, álagðir skattar launamanns og tryggingargjald) sem er á eindaga í dag, 17. nóvember. Niðurfellingin gildir í eina viku eða til 24. nóvember nk. Er þetta gert á grundvelli áframhaldandi truflana á bankastarfsemi hér á landi. Aðildarfélög Viðskiptaráðs þurfa því ekki að standa skil á staðgreiðslu, sem var á gjalddaga í dag, fyrr en 24. nóvember nk.

Viðskiptaráð fagnar þessum aðgerðum stjórnvalda enda mikilvægt að sýna mikinn sveigjanleika gagnvart fyrirtækjum við núverandi aðstæður.

Frekari upplýsingar um niðurfellingu álags vegna skila á staðgreiðslu má nálgast [hér](#).

Frekari upplýsingar um gjaldfrest á aðflutningsgjöldum má nálgast [hér](#). Að auki er hægt að hafa samband við tollinn í gegnum www.tollur.is eða í síma 560-0300.

Tilkynning frá Seðlabanka: Upplýsingar um erlendar greiðslur

Seðlabankinn hefur gefið út ítarlegar upplýsingar um erlendar greiðslur á milli landa þegar þær fara um Seðlabankann. Tilkynningu Sí í heild má nálgast [hér](#).

Morgunverðarfundur með Seðlabankastjóra

Viðskiptaráð minnir á morgunverðarfund með Seðlabankastjóra á morgun. Nú þegar hafa ríflega 300 manns skráð sig á fundinn, en lokað verður fyrir skráningu klukkan 20:00 í kövld. Nánri upplýsingar um fundinn og skráningu má finna [hér](#).

Endurreisn bankakerfis og tækifæri til framtíðar

Í Fréttablaðinu sl. sunnudag birtist grein undir heitinu "*Endurreisn bankakerfis og tækifæri til framtíðar*" eftir framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs, Finn Oddsson. Greinina er hægt að lesa [hér](#).